

Kynjasambætting

Í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr.10/2008 segir að kynjasambætting sé leið til

...að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Kynjasambætting er því aðferð sem notuð er til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Námskeið

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið í sambættingu kynja- og jafnréttis-sjónamiða og eru námskeiðin aðlöguð þeim sem þau sækja.

Handbókina og nánari upplýsingar um kynjasambættingu er að finna á vefsíðunum: jafnretti.is og samstiga.is

Útgáfa þessa bæklinga er styrkt af PROGRESS – áætlun Evrópusambandsins á sviði vinnu og félagsmála (2007-2012).



Jafnréttisstofa



samstiga



JÖFNUM LEIRINN

KYNJASAMBÆTTING

Hvað er það?

Með því að sambætta kynja- og jafnréttis-sjónarmið inn í ferli stefnumótunar og ákvarðanatöku gefst leið til að meta hvort þjónusta skili sér jafnt til beggja kynja og hvort aðgengi þeirra að þjónustu sé sambærilegt. Kynjasambætting er aðferð til að meta hvort ákvarðanir innan stofnana hafi jöfn áhrif á konur og karla. Ef í ljós kemur ómálefnalegur mismunur er nauðsynlegt að endurskipuleggja starfsemina til að ná fram jafnrétti. Kynjasambætting er tæki til gæðastjórnunar sem getur haft áhrif á hvaða leiðir eru valdar þegar kemur að ákvarðanatöku og hversu miklum fjármunum er varið til ákveðinna þátta. Kynjasambætting getur því haft jákvæð áhrif á rekstur og þjónustu.

Forsendur sambættingar

Fjórar frumforsendur verða að vera til staðar þegar sjónarhorn kynjajafnréttis er fléttað inn í almenna stefnumótun. Þær eru:

- Tölfræðilegar upplýsingar um stöðu karla og kvenna
- Þekking á jafnréttismálum
- Ábyrgð á framkvæmdinni
- Aðferðir sem hægt er að beita til að ná fram jafnstöðu kynjanna á þennan hátt.

Nokkrar aðferðir hafa verið þróaðar til að auðvelda sambættingu. Jafnréttisstofa hefur gefið út handbókina **Jöfnum leikinn** en hún fjallar ítarlega um þær aðferðir sem best hafa reynst við kynjasambættingu á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Ein þessara aðferða er **4H aðferðin**.

4H Aðferðin

4H aðferðin er notuð sem hjálpartæki við greiningu á ákveðinni starfsemi út frá kynjasjónarhorni. Hún dregur fram heildarmynd af því hvernig starfsemin virkar, hvernig fjármagni er dreift og hvaða breytingar eru nauðsynlegar til þess að mæta ólíkum þörfum kvenna og karla. Aðferðin byggir á því að skoða **hver** fær **hvað** og á **hvaða** forsendum? Greiningin fæst svo með því að spyrja spurningarinnar: **Hvernig** getum við bætt stöðuna?

H1: Hver?

Ákveðin starfsemi eða hópur er valinn til að skoða með tilliti til þess hverjir njóta þjónustu og hverjir taka ákvarðanir varðandi hana.

- **Kynjahlutföll eru greind.**
 - Hversu margar konur?
 - Hversu margar karlar?
- **Hverjir taka ákvarðanir?**
- **Hver er markhópurinn?**

H2: Hvað?

Hér er kortlagt hvaða gæði og úrræði eru í boði fyrir karla og konur.

- **Tími:** Hvaða málefni fá tíma?
- **Rými:** Eru rými notuð jafnt af báðum kynjum?
- **Peningar:** Hvernig skiptast fjármunir milli kynjanna?
- **Upplýsingar:** Hver fær mikilvægar upplýsingar og hvenær?

H3: Hvers vegna?

Ofangreindir þættir skoðaðir og leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða kynjamynstur sjáum við?
- Er þörfum og tækifærum karla og kvenna mætt?
- Eru málefnalegar skýringar á bak við það kynjamynstur sem kemur í ljós?

H4: Hvernig?

Markmið og mælikvarðar búnir til.

- Hvað þurfum við að gera til að tryggja að starfsemi okkar taki mið af báðum kynjum?
- Hvaða aðgerða er hægt að grípa til og hvenær á þeim að ljúka?